



Vinnureglur menningarráðs vegna úthlutunar styrkja af framlagi til menningarmála

Til grundvallar vinnureglunum er Menningarstefna Dalvíkurbyggðar

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og viðurkenningarsjóður menningarráðs Dalvíkurbyggðar.

2. gr.

Markmið sjóðsins eru:

- Að styrkja og styðja einstaklinga, frjáls félagasamtök og hópa í sveitarfélaginu með það að leiðarljósi að stuðla að öflugu og frjóu lista- og menningarlífi í Dalvíkurbyggð.
- Að veita viðurkenningar til félaga, hópa, fyrirtækja og stofnana fyrir að stuðla að eflingu menningarlífs í sveitarfélaginu og vinna að mikilvægum menningarmálum í Dalvíkurbyggð.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Árlegt framlag úr aðalsjóði Dalvíkurbyggðar skv. fjárhagsáætlun sem menningarráð gerir tillögu um ár hvert (Fært á lið 05-81-9145).
- Frjáls framlög og áheiti.

4. gr.

Menningarráð Dalvíkurbyggðar skipar stjórn sjóðsins. Ráðið auglýsir í upphafi árs eftir umsóknum um styrki fyrir það ár. Stjórn sjóðsins getur eftir nánari ákvörðun hverju sinni ákveðið að veita styrki með eða án auglýsingar og á öðrum tíma enda sé hún sammála um slíka fjárveitingu. Styrkumsóknir skulu berast sjóðstjórn skriflega á þar til gerðum eyðublöðum og samkvæmt ákvæðum um umsóknir sem eru hluti af vinnureglum þessum.



5. gr.

Við afgreiðslu umsókna um styrki úr sjóðnum og hverjir teljast styrkhæfir skal Menningarstefna Dalvíkurbyggðar höfð til hliðsjónar. Skilyrt er að umsækjandi eigi lögheimili í Dalvíkurbyggð.

Verkefni/atburðir skulu eiga sér stað á almanaksárinu sem styrkveiting fer fram. Er styrkþegi auglýsir atburðinn/verkefnið skal hann geta þess að Menningarsjóður Dalvíkurbyggðar hafi styrkt það.

Greiðsla á styrkjum fer fram við upphaf verkefnis að því gefnu að styrkþegi hafi skrifað undir samning við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar þegar eftir því er kallað.

Í samningum kemur fram hvenær styrkþegi skal skila greinargerð að verkefni loknu. Ef breyting verður á verkefninu eða tímaáætlun þess skal leita samþykkis sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs. Menningarráði er heimilt að krefjast endurgreiðslu á styrkfé ef gefnar hafa verið upp rangar upplýsingar í umsókn eða ef greinargerð berst ekki.

6. gr.

Styrkuppáhæðir úr sjóðnum miðast við fjárhagsgetu sjóðsins hverju sinni.

Ákvæði um umsóknir

Styrkumsóknir skulu berast sjóðstjórn á þar til gerðum eyðublöðum. Eyðublöð má finna á þjónustugátt Dalvíkubbyggðar <https://min.dalvikurbyggd.is/login.aspx?ReturnUrl=%2f>

Mikilvægt er að greinargóðar upplýsingar komi fram á umsóknareyðublaðinu og það sé vel útfyllt. Menningarráð vísar frá umsóknum þar sem fullnægjandi upplýsingar koma ekki fram.

- Félög og/eða hópar sendi inn ársreikning síðasta liðins árs og fjárhagsáætlun verkefnisins sem um ræðir.

Hafi umsækjandi áður hlotið styrk hjá Menningarráði Dalvíkurbyggðar er ný umsókn hans einungis tekin fyrir hafi hann skilað fullnægjandi greinargerð og uppgjöri vegna eldri verkefna.

Field Code Changed

Field Code Changed



Fræðslu – og menningarsvið

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR

*Samþykkt í menningarráði þann 18. janúar 2024.
Samþykkt í sveitarstjórn þann 23.01.2024 með fyrirvara um fjárframlög til
«Uppbyggingar á menningarstöðum í Dalvíkurbyggð» á gildistíma þessarar stefnu.*